

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 — 1982

Nr. 8.

10

19. mars 1982.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 5 7. mars 1962, um sveitarstjórnarkosningar, sbr. lög nr. 5 6. apríl 1966 og lög nr. 7 2. maí 1978.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 12. gr. laganna bætist:

Þegar kosning er óhlutbundin er kjörstjórn skylt, að talningu lokinni, að setja alla notaða kjörseðla undir innsigli kjörstjórnar.

Að kærufresti loknum eða að fullnaðarúrskurði uppkveðnum varðandi kosninguna, ef kosningin hefur verið kærð, skal kjörstjórn eyða hinum innsigluðu kjörseðlum og telst störfum hennar ekki lokið varðandi kosninguna, fyrr en svo hefur verið gert og yfirlýsing þar um innfærð í kjörbók og undirrituð af kjörstjórn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. mars 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

Nr. 9.

LÖG

19. mars 1982.

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Almennar sveitarstjórnarkosningar í bæjum og þeim hreppum, þar sem fullir $\frac{3}{4}$ hlutar íbúanna eru búsettir í kaптúni, fara fram síðasta laugardag í maímánuði, sem ekki ber upp á aðfangadag hvítasunnudags, en aðrar sveitarstjórnarkosningar síðasta laugardag júnímán-aðar.

2. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Kosningarrétt til sveitarstjórna eiga allir, sem

- a) eru 20 ára þegar kosning fer fram,
- b) eru íslenskir ríkisborgarar,
- c) eru ekki sviptir lögræði,
- d) eiga lögheimili á Íslandi.